

Hópstjórinn

Hópstjóri (Groups) er sjálfstætt verkfæri í Moodle sem gefur kost á að skipta nemendum námskeiðs í hópa í þeim tilgangi, m. a. að auðvelda samskipti við lausn verkefna sem byggja á hópavinnu. Með skiptingu í hópa má einnig skilyrða aðgengi að tilteknum viðfangsefnum. Mikilvægt einkenni við notkun hópa í Moodle er að viðfangsefni sem byggja á hópavinnu þarf aðeins að setja upp einu sinni. Þetta felur t.d. í sér að ef 40 nemendum í bekk er skipt upp í fjóra umræðuhópa, þarf aðeins að setja upp eina umræðu en ekki fjórar. Þetta sparar vinnu í uppsetningu og umsýslu. Hið sama á við um öll viðfangsefni í Moodle sem geta byggst á hópavinnu eða aðgengi hópa samkvæmt tilteknum forsendum.

The screenshot shows the Moodle Groups settings page. On the left is a sidebar menu with 'Stillingar' (Settings) at the top. Under 'Umsýsla námskeiðs' (Course management), 'Hópar' (Groups) is selected. A callout box titled 'Hvenær getur hópaskipting átt við?' (When can group splitting occur?) contains the following text:

Málstofur þar sem nemendur flytja kynningar eftir hópum, t.d. í samræmi við efni

- Litlir nemendahópar vinna saman að lausn viðfangsefna sem m.a. krefjast persónulegri nálgunar en mögulegt er í stærri hópum. Niðurstöður má svo bera saman við sambærilegar niðurstöður annarra hópa um sama efni.
- Verkefni getur verið hópverkefni þar sem einn skilar niðurstöðu í nafni hópsins. Slík samvinna getur t.d. farið fram í umræðum eða með Wiki
- Skilyrt framvinda náms byggir á skiptingu í hópa, t. d. ef nýtt efni eða viðfangsefni er háð tilteknum námsárangri eða lokið innan tímamarka enda byggi hið nýja viðfangsefni á því.

Below the callout box, the question 'Hvar finnum við hópstjóran?' (Where do we find the group manager?) is answered:

- Stillingar-Notendur-**Hópar**
- **Knippi** er hópur með hópum eða einhvers konar safn hópa.

At the bottom of the callout box are three buttons: 'Mynda hóp' (Create group), 'Mynda hópa sjálfvirkt' (Create groups automatically), and 'Import groups'.

Virgni í hópum má stilla með þrennum hætti

Í ritunarham eru sýnileg tiltekin ták og með því að smella á þau með vinstri músarhnappi má breyta því hvernig hópuppsetningin hagar sér gagnvar viðfangsefninu.

👤 Engir hópar. Þetta er sjálfgefin stilling.

👥 Nemendur sjá viðfangsefni annarra nemenda en taka ekki þátt í lausnum nema innan síns hóps.



👥 Nemendur geta hvorki séð né tekið þátt í vinnu annarra hópa.

Heimasvæði → Námskeiðin mín → Smiðja → Notendur → Hópar

Stillingar

- Umsýsla námskeiðs
 - í ritunarham
 - Uppsetning
 - Notendur**
 - Innritaðir notendur
 - Innritunarleiðir
 - Hópar** ←
 - Heilmildir
 - Aðrir notendur
 - Skráðu mig úr Smiðja
 - Síur
 - Einkunnir
 - Mátskvarðar
 - Afrita
 - Endurheimta
 - Flýtja inn
 - Gefa út
 - Endursetja
 - Spurningabanki
 - Gagnahisnur

➤ Smelltu á *Notendur-Hópar* í blokkinni *Stillingar* og þá færðu upp skjá með tveimur tónum dálkum eins og hér

Hópar:	Meðlimir hóps:
	
<input type="button" value="Breyta uppsetningu hópa"/>	<input type="button" value="Bæta við/fjarlægja notendur"/>
<input type="button" value="Eyða völdum hóp"/>	
<input type="button" value="Mynda hóp"/>	
<input type="button" value="Mynda hópa sjálfvirk"/>	
<input type="button" value="Import groups"/>	

Hægt er að stofna hópa:

- handvirk og þá einn í einu og síðan verður að skrá þátttakendur handvirk
- sjálfvirk og þá er hægt að skrá marga hópa í einu og þátttakendur sjálfvirk








Hægt er að stofna hópa:

- með því að sækja gagnaskrá
- Til eru íbætur sem gera nemendum kleift að skrá sig sjálfir í og úr hópum

Heiti hóps*

Lýsing á hóp

Leturgerð Leturstærð Málgrein

B I U ABC X₂ X²       

Þessi gluggi kemur upp þegar valið er að mynda hóp handvirk.

Störnumerktur texti merkir að skrifa verður í reitinn. Þótt þessi reitur sé ekki rauðmerktur er gott að skrifa hér stuttan en lýsandi texta um viðfangsefni hópsins.

Slóð: p

HTML snið

Skráningarlykill Þirta **Á ekki við í HÍ**

Fela mynd

Ný mynd

Engin viðhengi



Bæta við og eða fjarlægja notendur

Þegar þátttakendur eru skráðir handvirkt í hóp þarf fyrst að velja hópinn og og síðan valkostinn *Bæta við/fjarlægja notendur*. Athugið að kennarar eru ekki sjálfkrafa þátttakendur í hópum.

Hægt er að velja marga þátttakendur í einu með því að halda hástafalykli niðri og velja þann fyrsta og að lokum þann síðasta. Þá má velja marga í einu í ósamfelldri röð með því að halda Ctrl-lyklinum niðri og smella á fórnarlömbin hvert af öðru.

Til að hafa áhrif á viðfangsefni með tilliti til hópa þarf kennari að vera í ritunarham, velja viðfangsefnið og smella á hóptákn með þeirri virkni sem við á. Hann þarf einnig að hafa kost á að velja knippi í stillingum fyrir viðfangsefnið sjálft.



Meðlimir hóps

Potential members

Teacher (1)
Ingvar Ágúst Ingvarsson

Teacher (5)
Linda Erlendsdóttir (0)
Sigurður Jónsson (0)
Halldór Magnússon (0)
Þorvaldur Pálmason (0)
Eiríkur Sigbjörnsson (0)

Student (4)
Prúðhildur Fróðleiksdóttir
Jón Jónsson (0)
Nemandi 1 MVS (0)
Þorvaldur 1 Pálmason (0)

Leita
Hreinsa

Leita
Hreinsa

Leitarkostir >

Aftur í hópa

Smelltu á þátttakanda, einn eða fleiri og síðan á örina hér að ofan

Mynda hópa sjálfvirkt

Mynda hópa sjálfvirkt

Velja meðlimi úr hlutverki

Tilgreina

Fjöldi meðlima í hóp*

Forðast örverpi

Úthluta meðlimum*

Nafnaskema*

Mynda í knippi

Heiti knippis

- Stofna má hópa úr hópi nemenda eða allra þátttakenda
- Hægt er að tilgreina fjölda hópa eða fjölda meðlima í hópi. Ef fyrri kosturinn er tilgreindur og síðan t.d. bara talan einn verður aðeins til einn hópur
- Að úthluta af handahófi raðar tilviljanakennt í hópana. Einnig má nota samsetningar af stafrófsröð, skírnarnafni, eftirnafni og auðkennisnúmeri
- Fyrri hlutinn (nafnaskema) er samnefni hópanna en táknið @ stendur fyrir A, B o.s.frv. Táknið # stendur fyrir 1, 2, o.s.frv.
- Ef verið væri að skipta bekknum í umræðuhópa væri hér sett upp knippi (Grouping) og það tilgreint í stillingum umræðunnar. Einnig má skilyrða viðfangsefni við tiltekna nemendur í hópi ef hann er settur í knippi (t.d. fjarnemar)

Forskoða Senda Hætta við

Þetta form inniheldur svæði sem verður að fylla út. Þau eru merkt með *.

